

Landssamband hestamannafélaga
Engjavegur 6, 2. hæð
104 Reykjavík

Reykjavík, 26. ágúst 2022
UST202208-244/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Þolreið - Friðland að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Landssamband hestamannafélaga, dagsett 25. ágúst 2022, um leyfi til að keppnishalds innan friðlandsins að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins er óheimilt að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins eru athafnir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásýnd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til keppnishalds innan friðlandsins. Um er að ræða þolreið þar sem 6 knapar ríða fyrirfram ákveðnar dagleiðir. Knaparnir eru ræstir með 5 mín millibili. Riðið verður eftir skilgreindum reiðleiðum, vegum og bíslóðum. Kort sem sýnir þær leiðir sem keppnin fer fram á fylgdi með umsókninni og tímasetninga hvenær keppt verður á hverri leið. Hestar verða ferjaðir á svæðið í hestakerru í Landmannahelli þar sem dagleiðir verða ræstar. Ein ræsing mun eiga sér stað í Landmannalaugum og verða hestarnir fluttir þangað akandi. Litlir plaststaurar verða reknir 10 cm niður á gatnamótum til að vísa keppendum veginn. Verða þeir fjarlægðir um leið og keppendur eru farnir hjá. Engir áningarstaðir eru á leiðinni, upphaf og lok hvers áfanga er í hestagerðum sem eru nú þegar til staðar innan svæðisins. Tveir bílar með hestakerrur sjá um flutning hesta en auk þess verða starfsmenn verkefnisins á 3 bifreiðum til viðbótar. Starfsmenn keppninar eru 5. Ekki þarf að stöðva umferð annara gesta á þeim leiðum sem keppnin fer fram á.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur viðburðinn ekki líklegan til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og vernargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfis og skilgreindum reiðleiðum fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Landsambandi Hestamannafélaga fyrir sitt leyti leyfi fyrir að halda þolreið innan friðlandsins að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan 27.-28. ágúst 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal riðið eftir skilgreindum reiðleiðum.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Aðstandendur viðburðarins tryggja að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, á/við keppnisleiðir og hestagerði. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja keppnisleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Óheimilt er að ríða utan skilgreindra reiðleiða.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins á þeim vegum/leiðum sem viðburðurinn fer fram.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á merktri reiðleið til að koma í veg fyrir risk á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt risk og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrisk og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi vegagerðarinnar gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir/viðburðarhald er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur